

# **KJARASAMNINGUR**

**Samtaka atvinnulífsins**

**og**

**Dýralæknafélags Íslands,  
Félags íslenskra félagsvíndamanna,  
Félags íslenskra náttúrufræðinga,  
Félags lífeindafræðinga,  
Félagsráðgjafafélags Íslands,  
Fræðagarðs,  
Iðjuþjálfafélags Íslands,  
Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga,  
Ljósmæðrafélags Íslands,  
Sálfræðingafélags Íslands,  
Stéttarfélags bókasfns- og upplýsingafræðinga,  
Stéttarfélags háskólamanna á matvæla- og  
næringarsviði,  
Stéttarfélags lögfræðinga,  
Stéttarfélags sjúkraþjálfara,  
Proskapjálfafélags Íslands.**

**Gildir frá 1. október 2011**

## Efnisyfirlit

<b>Gildissvið og markmið kjarasamnings .....</b>	<b>3</b>
<b>1. KAFLI Laun .....</b>	<b>3</b>
1.1    Ákvörðun launa .....	3
1.2    Dagvinnutíma kaup og dagkaup .....	4
1.3    Greiðsla launa .....	4
1.4    Álagsgreiðslur .....	4
1.5    Desember- og orlofsuppbót .....	4
1.6    Yfirvinnu- og stórhátiðarkaup .....	4
1.7    Eftirvinnukaup .....	5
1.8    Laun í erlendum gjaldmiðli .....	5
<b>2. KAFLI Um vinnutíma.....</b>	<b>6</b>
2.1    Dagvinna.....	6
2.2    Helgi- og stórhátiðardagar .....	6
2.3    Frí í stað yfirvinnu og eftirvinnu .....	6
2.4    Hvíldartími .....	6
2.5    Bakvaktir .....	8
2.6    Vaktavinna.....	8
<b>3. KAFLI Um orlof .....</b>	<b>8</b>
3.1    Lengd orlofs.....	8
3.2    Orlofsauki .....	9
3.3    Veikindi í orlofi .....	9
<b>4. KAFLI Vinnuslys, slystryggingar, atvinnusjúkdómar og greiðsla launa í slysa- og veikindatilfellum .....</b>	<b>9</b>
4.1    Tilkynningar, vottorð og úttagður kostnaður.....	9
4.2    Vinnuslys og atvinnusjúkdómar .....	10
4.3    Réttur til launa vegna veikinda og slysa .....	10
4.4    Launahugtök .....	10
4.5    Starfshæfnisvottorð.....	11
4.6    Skráning veikindadaga .....	11
4.7    Forföll af óviðráðanlegum ástæðum.....	11
4.8    Veikindi barna yngri en 13 ára .....	11
4.9    Mæðraskoðun .....	11
4.10    Dánar-, slysa- og örorkutryggingar .....	11
<b>5. KAFLI Um ráðningu, uppsagnarfrest o.fl. ....</b>	<b>13</b>
5.1    Ráðningarsamningar og ráðningarábréf .....	13
5.2    Samkeppnisákvæði .....	15
5.3    Uppsögn.....	15
5.4    Fæðingarorlof .....	16
5.5    Fræðslumál .....	17
<b>6. KAFLI Launaseðill, félagsgjöld og iðgjaldagreiðslur .....</b>	<b>17</b>
6.1    Launaseðill .....	17
6.2    Félagsgjöld .....	17
6.3    Orlofssjóður .....	17
6.4    Sjúkrasjóður.....	17
6.5    Starfsmenntunarsjóður .....	17
6.6    Starfsendurhæfingarsjóður.....	17
6.7    Lífeyrissjóður .....	18
<b>7. KAFLI Ferðir og fatnaður .....</b>	<b>18</b>
7.1    Dagpeningagreiðslur erlendis .....	18
7.2    Vinnu- og hlífðarföt.....	18
<b>8. KAFLI Trúnaðarmenn .....</b>	<b>18</b>
8.1    Kosning og tilnefning trúnaðarmanna .....	18
8.2    Störf trúnaðarmanna .....	18

<b>9. KAFLI Gildistími og endurskoðun.....</b>	<b>19</b>
9.1     Gildistími .....	19
9.2     Endurskoðun.....	19
Bókun 2008 vegna nýs kjarasamnings .....	21
Fylgiskjal 2008 með samningi um laun í erlendum gjaldmiðli - samningsform .....	21
Bókun vegna laga nr. 80/1938.....	22
Bókun um endurskoðun á gr. 2.5 um bakvaktir .....	22

## Gildissvið og markmið kjarasamnings

Samningur þessi nær til félagsmanna í Dýralæknafélagi Íslands, Félagi íslenskra félagsvísdamanna, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Félagi lífeinda- fræðinga, Félagsráðgjafafélagi Íslands, Fræðagarðs, Iðjupjálfafélags Íslands, Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Ljósmaðra- félagi Íslands, Sálfræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsinga- fræðinga, Stéttarfélagi háskólamanна á matvæla- og næringarsviði, Stéttarfélagi lögfræðinga, Stéttarfélags sjúkraþjálfara og Proskapjálfafélagi Íslands, sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum Samtaka atvinnulífsins og gegna störfum sem krefjast háskólamenntunar.

Markmið samnings þessa er að tryggja félagsmönnum ofangreindra félaga, sem falla undir lög nr. 80/1938 og starfa á almennum vinnumarkaði, sambærileg réttindi og launamenn í öðrum stéttarfélögum á almennum vinnumarkaði njóta.

## 1. KAFLI Laun

### 1.1 Ákvörðun launa

Laun og önnur starfskjör háskólamanна eru ákvörðuð í ráðningarsamningi sem gerður er milli vinnuveitanda og starfsmanns. Um fjárhæð launa, samsetningu þeirra, grundvöll álags- og viðbótargreiðslna o.þ.h. fer samkvæmt ákvæðum ráðningarsamnings.

Heimilt skal að semja um föst mánaðarlaun starfsmanns í ráðningarsamningi þar sem tilgreind eru heildarlaun starfsmanns vegna starfa í þágu vinnuveitanda. Með sama hætti er heimilt að semja um fasta þóknun fyrir yfirvinnu sem og annað vinnuframlag starfsmanns sem unnið er utan dagvinnutímabils. Sama á við um þóknun fyrir aðrar skyldur sem starfsmaður undirgengst í ráðningarsamningi.

Um form og efni ráðningarsamnings fer skv. gr. 5.1.

Launakjör háskólamanна ráðast af því sem um semst á markaði. Við ákvörðun launa milli vinnuveitanda og starfsmanns, skulu laun endurspeglar vinnuframlag, hæfni, menntun og færni viðkomandi starfsmanns svo og innihald starfsins og þá ábyrgð sem starfinu fylgir. Gæta skal ákvæða jafnréttislaga við launaákvvarðanir.

Þegar samið er um laun geta vinnuveitandi og starfsmaður m.a. byggt á launakönnunum sem og skipan launamála hjá viðkomandi vinnuveitanda.

Starfsmaður á rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín, þ.m.t. frammistöðu og markmið og hugsanlegar breytingar á starfskjörum. Niðurstaða viðtals skal liggja fyrir innan mánaðar.

---

## **1.2 Dagvinnutímakaup og dagkaup**

---

- 1.2.1 Dagvinnutímakaup starfsmanns skal fundið með því, að deila tölunni 173,33 í mánaðarlaun fyrir dagvinnu.
- 1.2.2 Dagkaup starfsmanns skal fundið með því að deila tölunni 21,67 í föst mánaðarlaun.

---

## **1.3 Greiðsla launa**

---

- 1.3.1 Útborgun launa skal fara fram mánaðarlega, eigi síðar en fyrsta virkan dag eftir að mánuði þeim lýkur sem laun eru greidd fyrir. Heimilt er að miða reikningstímabil álagsgreiðslna við annað tímabil en almanaksmánuð.

---

## **1.4 Álagsgreiðslur**

---

Ef starfsmaður fær sérstaklega greitt fyrir vinnu utan dagvinnutímabils, fer um álagsgreiðslur skv. samningi þessum, sé ekki um annað samið.

Um yfirvinnu- og stórhátíðarkaup fer skv. gr. 1.6.

Um eftirvinnukaup fer skv. gr. 1.7.

Um vaktaálag fer skv. gr. 2.6.

Um bakvaktaálag fer skv. gr. 2.5.

---

## **1.5 Desember- og orlofsuppbót**

---

- 1.5.1 Starfsmenn, aðrir en stjórnendur, fá greidda desember- og orlofsuppbót í samræmi við aðalkjarasamninga SA á almennum vinnumarkaði. Heimilt er í ráðningarsamningi að fella uppbætur inn í mánaðarlaun starfsmanns eða semja um annan greiðsluhátt.
- 1.5.2 Ákvæði 1.5.1 nær ekki til ráðningarsamninga sem í gildi eru við gildistöku kjarasamnings þessa 1. október 2008.<sup>1</sup>

---

## **1.6 Yfirvinnu- og stórhátíðarkaup**

---

- 1.6.1 Yfirvinna telst sú vinna sem fram fer utan tilskilins daglegs vinnutíma eða vaktar starfsmanns svo og vinna sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu skv. gr. 2.1.1.  
Tímakaup fyrir yfirvinnu og vinnu á helgidögum skv. gr. 2.2.1 er 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu, sé ekki um annað samið.
- 1.6.2 Tímakaup fyrir vinnu á stórhátíðardögum skv. gr. 2.2.2 er 1,375% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu, sé ekki um annað samið.

---

<sup>1</sup> Miðast við 1. júlí 2009 fyrir félagsmenn í Félagsráðgjafafélagi Íslands og 1. október 2011 fyrir félagsmenn í Dýralæknafélagi Íslands.

---

## **1.7 Eftirvinnukaup**

---

Heimilt er að semja svo um við starfsmann að vinna utan dagvinnutímabils skv. gr. 2.1.1 greiðist með tímakaupi sem nemur 0,8235% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu upp að 173,33 klst. vinnu hvern mánuð. Vinna umfram 173,33 klst. greiðist með yfirvinnukaupi, sé ekki um annað samið.

---

## **1.8 Laun í erlendum gjaldmiðli**

---

Heimilt er að greiða hluta fastra mánaðalauna í erlendum gjaldmiðli eða tengja hluta fastra mánaðalauna við gengi erlends gjaldmiðils með samkomulagi starfsmanns og atvinnurekanda. Miða skal við sölugengi gjaldmiðilsins á þeim degi (samningsdegi) sem samkomulag starfsmanns og atvinnurekanda er gert.

Föst mánaðalaun skal reikna og setja fram á launaseðli á eftirfarandi hátt:

1. Föst mánaðalaun í íslenskum krónum á samningsdegi.
2. Til frádráttar kemur sú krónutala sem samkomulag er um að greiða í erlendum gjaldmiðli eða tengja við gengi erlends gjaldmiðils á samningsdegi.
3. Hluti fastra mánaðalauna sem er greiddur eða tengdur erlendum gjaldmiðli (sbr. lið 2), reiknaður í íslenskum krónum á sölugengi erlenda gjaldmiðilsins þremur viðskiptadögum fyrir útborgunardag.

Samtala 1.-3. getur þó aldrei orðið lægri en sá lágmarkstaxti kjarasamnings sem gildir fyrir viðkomandi starfsgrein.

Samtala 1.-3. myndar stofn til greiðslu opinberra gjalda og iðgjalda skv. kjarasamningi, s.s. í lífeyris-, félags-, sjúkra-, endurhæfingar-, orlofsheimila- og endurmenntunarsjóði.

Starfsmanni og atvinnurekanda er heimilt að semja um að yfirvinna, vaktaálög, bónusar og aðrar greiðslur verði gerðar upp að hluta eða öllu leyti í erlendum gjaldmiðli.

Launahækkanir skulu einungis reiknast á lið 1., þ.e. föst mánaðarlaun í íslenskum krónum.

Starfsmaður getur hvenær sem er óskað eftir uppsögn samkomulagsins. Setji starfsmaður fram slíka ósk skal atvinnurekandi verða við henni frá og með þarnæstu mánaðamótum frá því hún er sett fram. Starfsmaður skal þá fá laun skv. lið 1. með áorðnum breytingum frá þeim degi sem upphaflegt samkomulag var gert.

Starfsmaður og atvinnurekandi skulu gera skriflegt samkomulag um greiðslu launa í erlendum gjaldmiðli eða tengingu launa við erlendan gjaldmiðil. Sjá fylgiskjal.

## **2. KAFLI**

### **Um vinnutíma**

---

#### **2.1 Dagvinna**

---

- 2.1.1 Dagvinna er 40 stundir á viku (virkur vinnutími 37 klst. og 5 mín.) m.v. fullt starf, unnin á tímabilinu kl. 07:00 til 18:00 frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum.
- 2.1.2 Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanns og atvinnurekanda.
- 

#### **2.2 Helgi- og stórhátiðardagar**

---

- 2.2.1 Almennir helgidagar eru:
1. Skírdagur.
  2. Laugardagur fyrir pásku.
  3. Annar í páskum.
  4. Sumardagurinn fyrsti.
  5. 1. maí.
  6. Uppstigningardagur.
  7. Annar í hvítasunnu.
  8. Frídagur verslunarmana.
  9. Annar í jólum.
- 2.2.2 Stórhátiðardagar eru:
1. Nýársdagur.
  2. Föstudagurinn langi.
  3. Páskadagur.
  4. Hvítasunnudagur.
  5. 17. júní.
  6. Aðfangadagur eftir kl 12:00.
  7. Jóladagur.
  8. Gamlársdagur eftir kl 12:00.
- 

#### **2.3 Frí í stað yfirvinnu og eftirvinnu**

---

- 2.3.1 Heimilt er með samkomulagi milli vinnuveitanda og starfsmanns að greiða fyrir yfirvinnu og eftirvinnu með fríum á dagvinnutímabili. Ef ekki er um annað samið skal leggja verðgildi unninna vinnutíma (með eftirvinnu- eða yfirvinnuálagi eftir því sem við á) til grundvallar.
- 

#### **2.4 Hvíldartími**

---

- 2.4.1 Daglegur hvíldartími
- Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Verði því við komið skal dagleg hvíld ná til tímabilsins milli kl. 23:00 til 06:00.
- Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 klst.
-

#### 2.4.2 Frávik og frítökuréttur

Við sérstakar aðstæður, þegar bjarga þarf verðmætum, má lengja vinnulotu í allt að 16 klst. og skal þá undantekningarálaust veita 11 klst. hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar á rétti til fastra daglauna.

Þegar sérstakar aðstæður gera það óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma, skv. heimild í vinnutímasamningi ASÍ/VSÍ frá 30. desember 1996, gildir eftirfarandi: Séu starfsmenn sérstaklega beðnir að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð er heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að frítökuréttur,  $1\frac{1}{2}$  klst. (dagvinna), safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út  $\frac{1}{2}$  klst. (dagvinna) af frítökuréttinum óski starfsmaður þess. Í öllum tilfellum er óheimilt að skerða 8 klst. samfellda hvíld.

Vinni starfsmaður það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags skal fara með það á sama hátt. Komi starfsmaður til vinnu á frídegi eða helgi greiðist yfirvinnukaup fyrir unninn tíma án frekari aukagreiðslna af þessum sökum.

Framangreind ákvæði eiga þó ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartíma í allt að 8 klst.

Uppsafrnaður frítökuréttur skv. framangreindu skal koma fram á launaseðli og veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi fyrirtækis í samráði við starfsmenn enda sé uppsafrnaður frítökuréttur a.m.k. 4 klst. Við starfslok skal ónýttur frítökuréttur starfsmanns gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.

#### 2.4.3 Vikulegur frídagur

Á hverju 7 daga tímabili skal starfsmaður hafa a.m.k. 1 vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á manudegi. Þegar ekki er unnið í vaktavinnu skal almennt miða við að vikulegur frídagur sé á sunnudegi.

Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að fresta vikulegum frídegi þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frídagarár á tveim vikum. Töku frídagarár má haga þannig að þeir séu teknir aðra hverja helgi (laugardag og sunnudag). Í sérstökum tilvikum má fresta vikulegum frídegi lengur þannig að starfsmaður fái samsvarandi hvíld innan 14 daga.

Falli frídagarár á virka daga vegna ófyrirséðra orsaka skerðir það ekki rétt starfsmanns til fastra launa og vaktaálags.

#### 2.4.4 Hlé

Starfsmaður á rétt á a.m.k. 15 mínútna hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klst. Kaffi- og matarhlé teljast hlé í þessu sambandi.

#### 2.4.5 Hvað varðar gildissvið, hvíldartíma, vinnuhlé og fleira vísast til samnings ASÍ og VSÍ frá 30. desember 1996 um ákveðna þetti er varða skipulag vinnutíma og telst hluti kjarsamnings þessa. Framangreind ákvæði eru til fyllingar 13. gr. þess samnings.

---

## **2.5 Bakvaktir**

---

- 2.5.1 Heimilt er að semja við starfsmann um að hann sé á bakvakt, þ.e. reiðubúinn að sinna útkalli eða annarri vinnuskyldu.

Sé ekki um annað samið í ráðningarsamningi gildir eftirfarandi:

Fyrir hverja klukkustund á bakvakt þar sem vakthafandi starfsmaður er bundinn heima fær hann greitt sem svarar 33% dagvinnustundar. Á almennum frídögum og stórhátíðum skv. gr. 2.2.1 og 2.2.2 verður ofangreint hlutfall 50%.

Fyrir bakvakt þar sem ekki er krafist tafarlausra viðbragða af hálfu starfsmanns en hann er tilbúinn til vinnu strax og til hans næst, þá greiðist 16,5% af dagvinnukaupi fyrir hverja klst. á bakvakt. Á almennum frídögum og stórhátíðum skv. gr. 2.3.1 og 2.3.2 verður ofangreint hlutfall 25%.

Með bakvakt er átt við að starfsmaður sé ekki við störf en reiðubúinn til að sinna útkalli. Það telst ekki bakvakt ef starfsmaður dvelst á vinnustað að beiðni yfirmanns.

Samið skal um lágmarksgreiðslu fyrir útköll eða aðra vinnuskyldu innan bakvaktar.

---

## **2.6 Vaktavinna**

---

- 2.6.1 Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að skipuleggja vinnu þannig að unnið sé á vöktum. Ef ekki er um annað samið í ráðningarsamningi greiðist vaktaálag skv. gr. 2.6.3.

- 2.6.2 Vaktskrá, er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, skal lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst, nema samkomulag sé við starfsmann um skemmri frest.

- 2.6.3 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi skv. gr. 1.2:

33% kl. 18:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga

45% kl. 00:00 – 08:00 mánudaga til föstudaga og 00:00 – 24:00 laugardaga og sunnudaga

- 2.6.4 Fyrir hvern tíma umfram 40 stundir að meðaltali á viku skal greiða yfirvinnukaup, sé ekki um annað samið.

### **3. KAFLI**

#### **Um orlof**

---

## **3.1 Lengd orlofs**

---

- 3.1.1 Um orlof fer skv. lögum um orlof nr. 30/1987.

- 3.1.2 Lágmarksorlof

Lágmarksorlof er 24 virkir dagar miðað við fullt ársstarf og nema þá orlofslaun 10,17%. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof í 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Ávinnsla orlofs miðast við orlofsárið sem er frá 1. maí til 30. apríl.

---

### **3.2 Orlofsauki**

---

- 3.2.1 Starfsmaður sem unnið hefur 5 ár í sömu starfsgrein á rétt á orlofi í 25 virka daga (200 vinnuskyldustundir) og orlofslaunum sem nema 10,64%.  
Starfsmaður sem unnið hefur 5 ár hjá sama atvinnurekanda á rétt á 27 virkum dögum (216 vinnuskyldustundum) og 11,59% orlofslaunum.  
Starfsmaður sem unnið hefur 10 ár hjá sama atvinnurekanda á rétt á 30 virkum dögum (240 vinnuskyldustundum) og 13,04% orlofslaunum.  
Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð.
- 3.2.2 Áunninn réttur vegna starfa í sama fyrirtæki endurnýjast eftir þriggja ára starf hjá nýju fyrirtæki, enda hafi rétturinn verið sannreyndur.
- 3.2.3 Veita ber a.m.k. fjórar vikur (20 virka daga), á tímabilinu 2. maí til 15. september. Þeir sem samkvæmt ósk atvinnurekanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabilinu eiga rétt á 25% á lagi á það sem vantar á 20 dagana.

---

### **3.3 Veikindi í orlofi**

---

- 3.3.1 Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda með sannanlegum hætti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.
- 3.3.2 Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahússvistar (einn eða fleiri daga).
- 3.3.3 Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.
- 3.3.4 Fyrirtæki á rétt á að láta trúnaðarlækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.

## **4. KAFLI**

### **Vinnuslys, slysatryggingar, atvinnusjúkdómar og greiðsla launa í slysa- og veikindatilfellum**

---

### **4.1 Tilkynningar, vottorð og útlagður kostnaður**

---

- 4.1.1 Ef starfsmaður verður óvinnufær vegna veikinda eða slyss, skal hann tilkynna það þegar í upphafi vinnudags. Vinnuveitandi ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist og hvort það skuli vera frá trúnaðarlækni fyrirtækis. Krefjast má læknisvottorðs af starfsmanni vegna óvinnufærni hvenær sem þykir þörf á.

- 4.1.2 Skylt er starfsmanni sem er óvinnufær vegna veikinda eða slyss að gangast undir hverja þá venjulegu og viðurkenndu læknisrannsókn sem trúnaðarlæknir kann að telja nauðsynlega til þess að skorið verði úr því hvort forföll séu lögmæt, enda sé kostnaður vegna viðtals við lækni og nauðsynlegra læknisrannsókna greiddur af atvinnurekanda.
- 4.1.3 Endurgreiða skal starfsmanni gjald vegna læknisvottorða sem krafist er skv. gr. 4.1.1 og 4.1.2. Sama gildir um viðtal hjá lækni vegna öflunar vottorðs.

---

## **4.2 Vinnuslys og atvinnusjúkdómar**

---

- 4.2.1 Sjúkrakostnaður

Við vinnuslys kosti vinnuveitandi flutning hins slasaða til heimilis eða sjúkrahúss og endurgreiði honum eðlilegan útlagðan sjúkrakostnað í hverju tilfelli, annan en þann sem almannatryggingar greiða.

- 4.2.2 Launagreiðslur í vinnuslysa- eða atvinnusjúkdómatilfellum

Í hverju vinnuslysa- eða atvinnusjúkdómstilfelli sem orsakast við vinnuna eða af henni eða flutnings til og frá vinnustað, greiðir atvinnurekandi laun fyrir dagvinnu í allt að 3 mánuði enda gangi dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins vegna þessara daga til atvinnurekanda.

---

## **4.3 Réttur til launa vegna veikinda og slysa**

---

- 4.3.1 Laun í veikinda- og slysaforföllum á fyrsta ári

Launagreiðslum til starfsmanna í veikindaförföllum þeirra hjá sama vinnuveitanda, skal á 1. ári haga þannig að tveir dagar greiðast fyrir hvern unninn mánuð.

- 4.3.2 Laun í veikinda- og slysatilfellum eftir eitt ár

Launagreiðslu til starfsmanna í veikindaförföllum þeirra sem unnið hafa hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eða meira skal haga þannig:

Eftir 1 árs starf hjá sama atvinnurekanda: 2 mánuði á föstum launum á hverjum 12 mánuðum,

eftir 5 ára starf hjá sama atvinnurekanda: 4 mánuði á föstum launum á hverjum 12 mánuðum

eftir 10 ára starf hjá sama atvinnurekanda: 6 mánuði á föstum launum á hverjum 12 mánuðum.

Laun greiðast þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.

---

## **4.4 Launahugtök**

---

### *Föst laun*

Með föstum launum er átt við dagvinnulaun auk fastrar reglubundinnar yfirvinnu. Yfirvinna í skilningi þessarar greinar telst föst og reglubundin hafi hún verið samfelld síðustu fjóra mánuði.

### *Dagvinnulaun*

Með dagvinnulaunum er hér átt við föst laun fyrir vinnu á dagvinnutímabili, ásamt föstum aukagreiðslum öðrum en kostnaðargreiðslum.

---

#### **4.5 Starfshæfnisvottorð**

---

- 4.5.1 Atvinnurekandi getur óskað þess að starfsmaður, sem verið hefur óvinnufær vegna veikinda eða slysa samfellt í 1 mánuð eða lengur, leggi fram vottorð um starfshæfni áður en hann hefur störf að nýju. Krefjast má vottorðs trúnaðarlæknis atvinnurekanda.

---

#### **4.6 Skráning veikindadaga**

---

- 4.6.1 Halda skal skrá yfir veikindadaga starfsmanns.

---

#### **4.7 Forföll af óviðráðanlegum ástæðum**

---

- 4.7.1 Starfsmaður á rétt á leyfi frá störfum þegar um óviðráðanlegar (force majeure) og bryðnar fjölskylduástæður er að ræða vegna sjúkdóms eða slyss sem krefjast tafarlausrar nærveru starfsmanns.

Starfsmaður á ekki rétt á launum frá atvinnurekanda í framangreindum tilfellum, sbr. þó ákvæði gr. 4.8.1.

---

#### **4.8 Veikindi barna yngri en 13 ára**

---

- 4.8.1 Fyrstu sex mánuði í starfi hjá vinnuveitanda er foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annari umönnun ekki við komið. Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldri heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

Með foreldri í 1. mgr. er einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

---

#### **4.9 Mæðraskoðun**

---

Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar án frádráttar á föstum launum þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.

---

#### **4.10 Dánar-, slysa- og örorkutryggingar**

---

Njóti starfsmaður ekki dánar-, slysa- og örorkutrygginga skv. gildandi ráðningarsamningi skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

- 4.10.1 Atvinnurekandi tryggir það launafólk, sem samningur þessi tekur til, fyrir dauða, varanlegri læknisfræðilegri örorku og/eða tímabundinni örorku af völdum slyss við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Ef starfsmaður hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en tryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.

- 4.10.2 Vátrygging gildir í ferðum innanlands og utan sem farnar eru á vegum atvinnurekanda.
- 4.10.3 Tryggingin skal ná til slysa, er verða við íþróttaiðkun, keppni og leiki, enda hafi slíkt farið fram á vegum atvinnurekanda eða starfsmannafélags og ætlast sé til þáttöku í slíkri iðkun sem hluti af starfi starfsmanna. Ekki skiptir máli að þessu leyti hvort slysið verður á hefðbundnum vinnutíma eða utan hans. Undanskilin eru slys er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, teygjustökki, fjallaklifri sem krefst sérstaks búnaðar, bjargsigi, froskköfun og fallhlífastökki.
- 4.10.4 Tryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss, sem hlotist hefur af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja og er bótaskyld skv. lögboðinni ökutækjatryggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda skv. umferðarlögum.
- 4.10.5 Tryggingin tekur gildi gagnvart starfsmanni þegar hann hefur störf fyrir atvinnurekanda (fer á launaskrá) og fellur úr gildi þegar hann hættir störfum.
- 4.10.6 Vísitala og vísitölutenging bóta
- Vátryggingafjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir frá 1. febrúar 2008 (282,6 stig) og breytast 1. dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar.
- Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi til uppgjörsdags.
- 4.10.7 Dánarbætur
- 4.10.7.1 Valdi slys dauða vátryggðs innan þriggja ára frá slysdegi, greiðast rétthafa dánarbætur að frádegnum þegar útgreiddum bótum fyrir varanlega læknisfræðilega örorku vegna sama slyss.
- 4.10.7.2 Dánarbætur eru:
- Til eftirlifandi maka skulu bætur nema kr. 5.000.000
- Með maka er átt við einstakling í hjúskap, staðfestri samvist eða í skráðri óvígðri sambúð með hinum látna.
- Til hvers ólögráða barns sem hinn látni fór með forsjá með eða greiddi meðlag með samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 skulu bætur vera jafnháar heildarfjárhæð barnalífeyris skv. almannatryggingalögum hverju sinni, sem það hefði átt rétt til vegna andlátsins til 18 ára aldurs. Um er að ræða eingreiðslubætur. Við útreikning bóta skal miðað við fjárhæð barnalífeyris á dánardegi. Bætur til hvers barns skulu þó aldrei nema lægri fjárhæð en kr. 2.000.000. Skulu bætur til barna greiddar út til þess sem fer með forsjá þeirra eftir andlát vátryggðs. Til hvers ungmennis á aldrinum 18-22 ára, sem áttu sama lögheimili og hinn látni og voru sannanlega á framfærslu hans skulu bætur vera kr. 500.000. Hafi hinn látni verið eini framfærandi barns eða ungmennis hækka bætur um 100%.
- Hafi hinn látni sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára eða eldri, skal hið eftirlifandi foreldri eða foreldrar sameiginlega fá bætur er nema kr. 500.000.

Eigi hinn látni ekki maka skv. tölulið 1. greiðast dánarbætur kr. 500.000. til dánarbús hins látna.

#### 4.10.8 Bætur vegna varanlegrar örorku

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli læknisfræðilegar afleiðingar slyss. Skal varanleg örorka metin til stiga samkvæmt töflu um miskastig, sem gefin er út af Örorkunefnd og skal matið miðast við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt.

Grunnfjárhæð örorkubóta er kr. 11.400.000. Bætur vegna varanlegrar örorku skulu reiknast þannig að fyrir hvert örorkustig frá 1-25 greiðast kr. 114.000, fyrir hvert örorkustig frá 26-50 greiðast kr. 228.000, fyrir hvert örorkustig frá 50-100 greiðast kr. 456.000. Bætur vegna 100% varanlegrar örorku eru því kr. 31.350.000.

Örorkubætur skulu jafnframt taka mið af aldri tjónþola á slysdegi þannig að bætur lækki um 2% fyrir hvert aldursár eftir 50 ára aldur. Eftir 70 ára aldur lækki bætur um 5% af grunnfjárhæð fyrir hvert aldursár. Aldurstenging örorkubóta skal þó aldrei leiða til meiri skerðingar en 90%.

#### 4.10.9 Bætur vegna tímacundinnar örorku

Valdi slys tímacundinni örorku skal trygging greiða dagpeninga í hlutfalli við starfsorkumissinn fjórum vikum frá því slys átti sér stað og þar til starfsmaður verður vinnufær eftir slysið eða þar til örorkumat hefur farið fram, þó ekki lengur en í 37 vikur.

Dagpeningar vegna tímacundinnar örorku eru kr. 25.000 á viku. Ef starfsmaður er vinnufær að hluta greiðast dagpeningar hlutfallslega.

Dagpeningar úr tryggingu greiðast til atvinnurekanda meðan starfsmaður fær greidd laun samkvæmt kjarasamningi eða ráðningarsamningi en síðan til starfsmanns.

#### 4.10.10 Atvinnurekanda ber að kaupa tryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi sem fullnægir ofangreindum skilyrðum kjarasamningsins um slysatryggingar.

Að öðru leyti en tiltekið er í þessum kafla samningsins skulu gilda um trygginguna skilmálar viðkomandi tryggingafélags og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ofangreind ákvæði um slysatryggingar og nýjar bótafjárhæðir taka til slysa sem verða eftir 1. október 2008.

### 5. KAFLI Um ráðningu, uppsagnarfrest o.fl.

#### 5.1 Ráðningarsamningar og ráðningarbréf.

##### 5.1.1 Sé starfsmaður ráðinn til lengri tíma en eins mánaðar og að meðaltali lengur en átta klst. á viku, skal eigi síðar en tveim mánuðum eftir að starf hefst gerður skriflegur ráðningarsamningur eða ráðning staðfest skriflega. Láti starfsmaður af störfum áður en tveggja mánaða frestinum lýkur, án þess að

skriflegur ráðningarsamningur hafi verið gerður eða ráðning staðfest skriflega, skal slík staðfesting látin í té við starfslok.

- 5.1.2 Breytingar á ráðningarkjörum umfram það sem leiðir af lögum eða kjarasamningum skal staðfesta með sama hætti eigi síðar en mánuði eftir að þær koma til framkvæmda.
- 5.1.3 Ákvæði gr. 5.1.1 og 5.1.2 gilda ekki við ráðningu í tilfallandi störf, að því tilskildu að hlutlægar ástæður liggi því til grundvallar.
- 5.1.4 Upplýsingaskylda vinnuveitanda - Í ráðningarsamningi eða skriflegri staðfestingu ráðningar, þ.e. ráðningarbréfi, skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:
1. Deili á aðilum þ.m.t. kennitölur.
  2. Vinnustaður og heimilisfang vinnuveitanda. Sé ekki um fastan vinnustað að ræða, eða stað þar sem vinnan fer jafnaðarlega fram, skal koma fram að starfsmaður sé ráðinn á mismunandi vinnustöðum.
  3. Titill, staða, eðli eða tegund starfs sem starfsmaður er ráðinn í eða stutt útlistun eða lýsing á starfinu.
  4. Fyrsti starfsdagur.
  5. Lengd ráðningar sé hún tímabundin.
  6. Orlofsréttur.
  7. Uppsagnarfrestur af hálfu vinnuveitanda og starfsmanns.
  8. Mánaðar- eða vikulaun, t.d. með tilvísun til launataxta, mánaðarlaun sem yfirvinna er reiknuð af, aðrar greiðslur eða hlunnindi svo og greiðslutímabil.
  9. Lengd venjulegs vinnudags eða vinnuviku.
  10. Lífeyrissjóður.
  11. Tilvísun til gildandi kjarasamnings og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Upplýsingar samkvæmt 6. - 9. tl. má gefa með tilvísun til kjarasamninga.

- 5.1.5 Störf erlendis
- Sé starfsmanni falið að starfa í öðru landi í einn mánuð eða lengur skal hann fá skriflega staðfestingu ráðningar fyrir brottför. Auk upplýsinga skv. gr. 5.1.4 skal eftirfarandi koma fram:
1. Áætlaður starfstími erlendis.
  2. Í hvaða gjaldmiðli laun eru greidd.
  3. Uppbætur eða hlunnindi sem tengjast starfi erlendis.
  4. Eftir atvikum skilyrði þess að starfsmaður geti snúið aftur til heimalandsins.

Upplýsingar skv. 2. og 3. tl. má gefa með tilvísun til laga eða kjarasamninga.

#### 5.1.6 Tímabundnar ráðningar

Um tímabundnar ráðningar fer skv. lögun nr. 139/2003 um tímabundna ráðningu starfsmanna.

#### 5.1.7 Hlutastörf

Um starfsmenn í hlutastarfí fer skv. lögum nr. 10/2004 um starfsmenn í hlutastarfi.

---

## 5.2 Samkeppnisákvæði

---

Ákvæði í ráðningarsamningum sem banna starfsmönnum að ráða sig til starfa hjá samkeppnisaðilum vinnuveitenda eru óskuldbindandi séu þau víðtækari en nauðsynlegt er til að varna samkeppni eða skerða með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi starfsmannsins. Hvort svo er verður að meta í hverju einstöku tilviki að teknu tilliti til allra atvika. Samkeppnisákvæði mega því ekki vera of almennt orðuð.

Við mat á því hversu víðtækt samkeppnisákvæði í ráðningarsamningi má vera, einkum hvað varðar gildissvið og tímamörk, þarf að horfa til eftirfarandi þáttar:

- a. Hvers konar starfi viðkomandi starfsmaður gegnir, t.d. hvort hann er lykilstarfsmaður, er í beinu sambandi við viðskiptamenn eða ber ríka trúnaðarskyldu. Einnig hvaða vitneskju eða upplýsingar starfsmaðurinn kann að hafa um starfsemi fyrirtækisins eða viðskiptamenn þess.
- b. Hversu hratt þekking starfsmannsins úreldist og hvort gætt sé eðlilegs jafnræðis milli starfsmanna.
- c. Hvers konar starfsemi er um að ræða og hverjir eru samkeppnisaðilar á þeim markaði sem fyrirtækið starfar og þekking starfsmanns nær til.
- d. Að atvinnufrelsi starfsmanns sé ekki skert með ósanngjörnum hætti.
- e. Að samkeppnisákvæðið sé afmarkað og hnitið í því skyni að vernda ákveðna samkeppnishagsmuni.
- f. Þá hefur einnig áhrif hvaða umbun starfsmaður fær, t.d. hver laun hans eru.

Samkeppnisákvæði ráðningarsamninga gilda ekki sé starfsmanni sagt upp störfum án þess að hann hafi sjálfur gefið nægilega ástæðu til þess.

---

## 5.3 Uppsögn

---

### 5.3.1 Almennt um uppsögn

Starfsuppsögn skal af beggja hálfu vera ein vika á fyrstu þrem mánuðum, sem er reynslutími. Eftir þriggja mánaða samfellt starf er uppsagnarfrestur einn mánuður og eftir sex mánaða samfellt starf skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir. Að reynslutíma loknum skal uppsögn vera skrifleg og bundin við mánaðamót.

Heimilt er að semja um lengri reynslutíma, allt að 6 mánuði, og að gagnkvæmur uppsagnarfrestur sé ein vika á því tímabili. Einnig er heimilt að semja svo um að þriggja mánaða uppsagnarfrestur taki fyrst gildi eftir eins árs samfellt starf.

Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur. Allar uppsagnir skulu vera skriflegar og gerðar á sama tungumáli og ráðningarsamningur starfsmanns.

### 5.3.2 Starfslok

Sé starfsmanni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfellt starf hjá sama fyrirtæki, er uppsagnarfrestur 4 mánuðir ef starfsmaður er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára. Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með 3 mánaða fyrirvara.

#### 5.3.3 Viðtal um ástæður uppsagnar

Starfsmaður á rétt á viðtali um starfslok sín og ástæður uppsagnar. Beiðni um viðtal skal koma fram innan fjögurra sólarhringa frá því uppsögn er móttokin og skal viðtal fara fram innan fjögurra sólarhringa þar frá.

Starfsmaður getur óskað þess þegar að loknu viðtali eða innan fjögurra sólarhringa að ástæður uppsagnar séu skýrðar skriflega. Fallist atvinnurekandi á þá ósk hans, skal við því orðið innan fjögurra sólarhringa þar frá.

Fallist atvinnurekandi ekki á ósk starfsmanns um skriflegar skýringar á starfsmaður, innan fjögurra sólarhringa, rétt á öðrum fundi með vinnuveitanda um ástæður uppsagnar að viðstöddum trúnaðarmanni sínum eða öðrum fulltrúa stéttarfélags síns ef starfsmaður óskar þess.

#### 5.3.4 Takmörkun uppsagnarheimildar skv. lögum

Við uppsagnir skal gæta ákvæða laga sem takmarka frjálsan uppsagnarrétt vinnuveitanda, m.a. ákvæða um trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn, barnshafandi konur og foreldra í fæðingarorlofi, starfsmenn sem tilkynnt hafa um fæðingar- og foreldraorlof og starfsmenn sem bera fjölskylduábyrgð.

Einnig verður að gæta ákvæða 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, laga um starfsmenn í hlutastarfi, laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og samráðsskyldu laga um hópuppsagnir.

Þegar starfsmaður nýtur uppsagnarverndar skv. lögum, ber vinnuveitanda að rökstyðja skriflega hvaða ástæður liggja að baki uppsögn.

#### 5.3.5 Viðurlög

Brot gegn ákvæðum þessa kafla geta varðað bótum skv. almennum reglum skaðabótaréttarins.

---

### 5.4 Fæðingarorlof

---

Um greiðslur í fæðingarorlofi fer skv. lögum um fæðingarorlof.

Skv. lögum um fæðingar- og foreldraorlof skal fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs skv. kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar og uppsagnarfrests. Sama gildir ef kona þarf af öryggisásæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

Fæðingarorlof telst til unnins tíma við útreikning orlofsréttar, þ.e. réttar til frítöku en ekki orlofslauna.

---

## **5.5 Fræðslumál**

---

Starfsmenn eiga þess kost að sækja fræðslu- og þjálfunarnámskeið til að viðhalda faglegi þekkingu sinni í samræmi við heildarmarkmið fyrirtækis. Fyrirtækið skal í samráði við starfsmann fylgjast með endurmenntunarþörf hans. Starfsmaður getur haft frumkvæði að því að finna námskeið, fræðslu og/eða ráðstefnur sem henta starfseminni og starfi hans. Mat fyrirtækisins ræður úrslitum um hvaða námskeið eða ráðstefnur verða fyrir valinu. Starfsmaður heldur reglubundnum launum á meðan námskeiði stendur og fær greiddan útlagðan kostnað, nema um annað sé sérstaklega samið.

## **6. KAFLI**

### **Launaseðill, félagsgjöld og iðgjaldagreiðslur**

---

#### **6.1 Launaseðill**

---

- 6.1.1 Við greiðslu launa til starfsmanns á hann rétt á að fá launaseðil merktan nafni sínu. Á launaseðli skulu tilgreind föst laun starfsmanns það tímabil sem greiðslan tekur til, fjöldi yfirvinnustunda, uppsafnaður frítökuréttur og sundurliðun einstakra tekna og frádráttarliða sem leiða til útgreiddra launafjárhæða.

#### **6.2 Félagsgjöld**

---

- 6.2.1 Starfsmaður getur óskað þess að atvinnurekandi hafi milligöngu um skil félagsjálfa til stéttarfélags, sem aðild á að samningi þessum. Félagsgjöldum skal þá skilað mánaðarlega.

#### **6.3 Orlofssjóður**

---

- 6.3.1 Atvinnurekandi greiðir 0,25% af heildarlaunum félagsmanna í orlofssjóð BHM.  
Heimilt er að semja um annað fyrirkomulag.

#### **6.4 Sjúkrasjóður**

---

- 6.4.1 Atvinnurekandi greiðir 1% af heildarlaunum félagsmanna í sjúkrasjóð BHM.

#### **6.5 Starfsmenntunarsjóður**

---

- 6.5.1 Heimilt er að semja um að atvinnurekandi greiði 0,22% af heildarlaunum í Starfsmenntunarsjóð BHM / hlutaðeigandi stéttarfélags.

#### **6.6 Starfsendurhæfingarsjóður**

---

- 6.6.1 Atvinnurekandi greiðir 0,13% í VIRK Starfsendurhæfingarsjóð, sbr. samkomulag ASÍ og SA þar um.

---

## **6.7 Lífeyrissjóður**

---

6.7.1 Starfsmaður greiðir 4% af launum í lífeyrissjóð og atvinnurekandi greiðir 8% mótfamlag.

Óski starfsmaður þess að eiga aðild að lífeyrissjóði þar sem lágmarksíðgjald er hærra en 12%, er heimilt að semja um viðbótarframlag.

6.7.2 Viðbóarlífeyrissparnaður

Heimilt er að semja um viðbótarframlag í séreignarlífeyrissjóð.

## **7. KAFLI**

### **Ferðir og fatnaður**

---

#### **7.1 Dagpeningagreiðslur erlendis**

---

Dagpeningagreiðslur til starfsmanna vegna ferða erlendis fylgi ákvörðunum Ferðakostnaðarnefndar ríkisins hafi fyrtækni ekki sérstakar reglur um greiðslu ferðakostnaðar.

---

#### **7.2 Vinnu- og hlífðarföt**

---

Þar sem þörf er á sérstökum vinnufatnaði að mati vinnuveitanda, leggur vinnuveitandi til slíkan fatnað og þrif á honum, enda sé hann í eigu vinnuveitanda.

## **8. KAFLI**

### **Trúnaðarmenn**

---

#### **8.1 Kosning og tilnefning trúnaðarmanna**

---

Félagsmönnum er heimilt að kjósa sér einn trúnaðarmann á hverjum vinnustað þar sem starfa a.m.k. 5 félagsmenn. Að kosningu lokinni tilnefnir hlutaðeigandi stéttarfélag trúnaðarmanninn og sendir staðfestingu þess efnis til vinnuveitanda.

Trúnaðarmenn verða ekki kosnir eða tilnefndir til lengri tíma en tveggja ára í senn.

---

#### **8.2 Störf trúnaðarmanna**

---

Trúnaðarmönnum á vinnustað skal í samráði við stjórnendur heimilt að verja eftir því sem þörf krefur tíma til starfa, sem þeim kunna að vera falin af starfsmönnum á viðkomandi vinnustað og/eða viðkomandi stéttarfélagi vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna og skulu laun þeirra ekki skerðast af þeim sökum.

## **9. KAFLI**

### **Gildistími og endurskoðun**

---

#### **9.1 Gildistími**

---

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. október 2011. Um endurnýjun og uppsögn samningsins fer skv. lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

---

#### **9.2 Endurskoðun**

---

Stéttarfélög, sem aðild eiga að samningi þessum, geta sameiginlega óskað eftir viðræðum um endurskoðun kjarasamnings þessa, verði gerðar almennar breytingar á réttindum launamanna á almennum vinnumarkaði. Með sama hætti geta Samtök atvinnulífsins óskað eftir viðræðum um endurskoðun samningsins.

Reykjavík, 22. september 2011

F.h. Samtaka atvinnulífsins

F.h. Dýralæknafélags Íslands

F.h. Félags íslenskra félagsvísindamanna

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

F.h. Félags lífeindafræðinga

F.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

F.h. Fræðagarðs

F.h. Iðjuþjálfafélags Íslands

F.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

F.h. Ljósmæðrafélags Íslands

F.h. Sálfræðingafélags Íslands

F.h. Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

F.h. Stéttarfélags háskólamanna á matvæla-  
og næringarsviði

F.h. Stéttarfélags lögfræðinga

F.h. Stéttarfélags sjúkraþjálfara

F.h. Þroskabjálfafélags Íslands

---

## Bókun 2008 vegna nýs kjarasamnings

---

Kjarasamningi þessum er ætlað að tryggja launamönum sem starfa á almennum vinnumarkaði í störfum sem krefjast háskólamenntunar og eru félagsmenn í stéttarfélögum sem aðild eiga að samningi þessum, sambærileg réttindi og launamenn í öðrum stéttarfélögum á almennum vinnumarkaði njóta. Gildissvið samnings þessa skarast ekki við aðra kjarasamninga sem Samtök atvinnulífsins hafa gert við viðsemjendur sína og breytir því ekki framkvæmd þeirra samninga.

Pessi hópur launamanna hefur staðið utan aðalkjarasamninga sem SA hafa gert á vinnumarkaði. Aðrir kjarasamningar hafa ekki náð til þessa hóps enda aðildarfyrirtæki Samtaka atvinnulífsins óbundin af þeim kjarasamningum sem stéttarfélöginn gera við aðra viðsemjendur.

Háskólamenn á almennum vinnumarkaði hafa þ.a.l. byggt kjör og réttindi á ráðningarsamningum sem þeir gera við sína vinnuveitendur. Háskólamenn og vinnuveitendur hafa skv. kjarasamningi þessum mikið svigrúm til að semja um kaup og kjör og fyrirkomulag vinnutíma og greiðslna í tengslum við hann. Ýmis ákvæði kjarasamningsins gilda því einungis ef ekki er um annað samið í ráðningarsamningi. Samningsaðilar eru þó sammála um að eðlilegt sé að tryggja þessum launamönum tiltekin lágmarksréttindi með kjarasamningi.

Gildistaka kjarasamnings þessa hefur ekki áhrif á hagstæðari kjör sem launamaður hefur samið um í ráðningarsamningi.

---

## Fylgiskjal 2008 með samningi um laun í erlendum gjaldmiðli - samningsform

---

Fyrirtækið ehf., kt. xxxxxx-xxxx annars vegar og \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_  
hins vegar, gera með sér svofelt samkomulag um að tengja hluta launa við gengi erlends gjaldmiðils eða greiðsla hluta launa í erlendum gjaldmiðli, á grundvelli ákvæðis kjarasamnings \_\_\_\_\_ þar um.

Tenging við erlenda gjaldmiðil eða greiðsla í erlendum gjaldmiðli:

- Tenging hluta launa við erlenda gjaldmiðil  
 Greiðsla hluta launa í erlendum gjaldmiðli

Gjaldmiðill:

- EUR  
 USD  
 GBP

Annar gjaldmiðill, hvaða \_\_\_\_\_

Hluti fastra launa eða heildarlauna greidd/tengd við erlenda gjaldmiðil:

- Hluti fastra launa greidd/tengd við erlenda gjaldmiðil  
 Hluti heildarlauna greidd/tengd við erlenda gjaldmiðil

Hlutfall launa greitt/tengt við erlenda gjaldmiðil:

- 10%  
 20%  
 30%  
 40%  
 Annað hlutfall, hvaða \_\_\_\_\_

Samningur þessi er gerður í tvíriti og skal hvor aðili samningsins halda eintaki.

Dagsetning: \_\_\_\_\_

F.h. fyrirtækisins

Starfsmaður

---

## **Bókun vegna laga nr. 80/1938**

---

Kjarasamningur þessi er gerður á grundvelli laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og skulu félög, sem aðild eiga að samningnum, uppfylla skilyrði laganna.

---

## **Bókun um endurskoðun á gr. 2.5 um bakvaktir**

---

Aðilar eru sammála um að komi til endurskoðunar á ákvæðum um bakvaktir í öðrum kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins þurfi að taka upp viðræður um þau atriði.